

## Umbótaáætlun Vopnafjarðarskóla 2023 - 2024

| <b>Markmið</b>  | <b>Vandi</b>  | <b>Leiðir</b>   | <b>Umsjón</b>  | <b>Tími/Staða</b> | <b>Framkv./dagsetning</b> |
|---|---|---|--|-------------------|---------------------------|
| <b>3. bekkur LOGOS<br/>Betri árangur í lestri</b><br><br><b>Meiri lestrarhraði lesskilningur og stafsetning</b> | Niðurstöður úr LOGOS skimunum sýna að leshraði og stafsetning er slakast. Einnig þarf að fylgjast með lesskilningi. | <p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að leggja áherslu á að þjálfa leshraða einnig þarf að þjálfa stafsetningu og lesskilning.</p> <p><b>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika.</b><br/><b>Sérkennsla</b><br/>4 - 5x í viku- Léttlestrarbækur, hugtakaskilningur og orðaforði með verkefnum <i>Fjórir í fókus</i>, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni, <i>Lesum lipurt</i>, PALS – þjálfun í leshraða og lesskilningi.</p> <p><b>Lestur í skólanum og heima alla daga.</b></p> | Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslensku kennari, sérkennari.   | Haust 2023        |                           |
| <b>6. bekkur LOGOS<br/>Árangur í lestri</b><br><br><b>Betri árangur í lestri í 6. bekk</b>                      | Niðurstöður úr LOGOS skimunum sýna að leggja þarf áherslu á leshraða og stafsetningu.                               | <p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í leshraða og stafsetningu.</p> <p><b>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika.</b><br/><b>Sérkennsla</b><br/>Fimm sinnum í viku- <i>Lesum lipurt</i>, þjálfun í leshraða og lestrarnákvæmni, PALS (leshraði og lesskilningur).</p>   | Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslensku kennari, sérkennari.   | Haust 2023        |                           |
| <b>9. bekkur LOGOS<br/>Árangur í lestri</b><br><br><b>Betri árangur í lestri í 9. bekk</b>                      | Niðurstöður úr LOGOS skimunum sýna að vinna þarf með lestur, lesskilning og stafsetningu.                           | <p>Samkvæmt niðurstöðum LOGOS þarf að vinna að umbótum í lestri, lesskilningi og stafsetningu.</p> <p><b>Sérúrræði fyrir alvarlegri erfiðleika.</b><br/><b>Sérkennsla</b><br/>Nemendur sem eru með undir 15 fá sérkennslu að minnsta kosti tvívar í viku. Unnið er markvisst með lestur í bekknum, (lestrarkassinn – mismunandi þyngdarstig) og þjálfun í stafsetningu sem nýtist öllum nemendum og <i>Lestu nú</i>.</p>  | Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslensku kennari og sérkennari. | Haust 2023        |                           |

| <b>Markmið</b>                        | <b>Vandi</b>   | <b>Leiðir</b>  | <b>Umsjón</b>  | <b>Tími/Staða</b> | <b>Framkv./dagsetning</b> |
|---------------------------------------|--|--|--|-------------------|---------------------------|
| <b>Lesfimi MMS próf í janúar 2021</b> | Heimalestri þarf að sinna betur og kennrarar þurfa að hafa meira eftirlit. Þó eru fleiri nemendur sem ná viðmiði eitt og eru sumir bekkir jafnvel yfir landsmeðaltali. | Allir nemendur skólans eiga að lesa heima á hverjum degi en misjafnt er hvort að því sé fylgt. Leggja þarf meiri áherslu á heimalesturinn með ýmsu móti, t. d. með því að hringja heim ef að lágmarks lestri á mánuði er ekki náð þar sem ekki virðist nóg að skrá það í heimalestrarbækur eða senda póst.<br>Mikilvægt er að allir nemendur sem eru undir viðmiði 1 lesi daglega í skólanum og ákveðinn aðili sjái um það hjá öllum hópnum.<br>Lestrarátak „eitt skref í einu“ MMS. Unnið ýmist í samráði við heimilin eða í skóla.                       | Skólastjórnendur, umsjónarkennari, íslensku kennari og sérkennari. | Haust 2023        |                           |
| <b>3. og 6. bekkur Talnalykill</b>    | Nemendur þurfa að tileinka sér reikniaðgerðir betur.   | Nemendur sem koma undir viðmiðunarmörkum (50%) fara í talnapróf Talnalykils og þeir nemendur sem koma undir viðmiðunarmörkum (30%) í því fara í nánari greiningu. Þjálfa þarf þær aðferðir sem koma verst út t.d. með PALS. Nauðsynlegt er að fylgjast með þeim sem eru undir viðmiðunarmörkum. Þjálfa þarf þær aðferðir sem koma verst út. Heimanám þarf að vera markvisst, gott er að nota <i>Æfingaheftið</i> í það.<br>Nemendur sem eru langt undir getu fá sérefni við hæfi. Aðrir nemendur sem eru undir viðmiðunum þurfa aukna þjálfun og stuðning. | Stærðfræðikennari, umsjónarkennari og sérkennari.                  | Haust 2023        |                           |
| <b>Einstaklings-námskrár</b>          | Nemendur sem fylgja ekki almennri námskrá fái einstaklingsnámskrá.   | Vinna þarf marvisst að því að klára einstaklingsnámskrár strax að hausti og fylgja þeim eftir.   | Umsjónarkennari í samvinnu við sérkennara.                         | Haust 2023        |                           |
| <b>Tölvur/Ipadar</b>                  | Umgengni nemenda á fartölvum/Ipödum er ekki nógu góð.  | Mjög mikilvægt væri ef einhver starfsmaður hefði yfirumsjón með öllum tölvubúnaði.<br>Setja þarf reglur um umgengni og frágang á tölvum og fylgihlutum þeirra.   | Skólastjórnendur og kennarar.                                      | Haust 2023        |                           |

| <b>Markmið</b>  | <b>Vandi</b>   | <b>Leiðir</b>  | <b>Umsjón</b>   | <b>Tími/Staða</b>   | <b>Framkv./dagsetning</b> |
|---|--|--|---|---------------------|---------------------------|
| <b>Sjálfbærni</b><br>Efla umhverfisvitund nemenda   | Lítil sem engin útikennsla er við skólann.   | Huga þarf að stað þar sem hægt væri að gera aðstöðu til útikennslu.  | Skólastjórnendur og kennrar.                          | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| Matarsóun   | Nemendur þurfa að vera meðvitaðri um matarsóun.  | Hvetja nemendur til að temja sér lífsvenjur sem stuðla að nýtingu og sjálfbærni.   | Umsjónarkennrarar.                                    | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| <b>Jafnrétti</b><br>Að vekja nemendur til umhugsunar um jafnrétti   | Nemendur eru ekki nógum meðvitaðir um jafnrétti.   | Við þurfum að efla fræðslu um jafnréttismál.   | Skólastjórnendur og kennrar.                          | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| Að fræða nemendur um kynlíf og kynhneigð út frá þroska nemenda hverju sinni   | Vantar meiri fræðslu og samfellu um kynlíf og kynhneigð þar sem þessi þáttur er bæði á höndum skóla og skólahjúkrunarfræðings. | Fræðsla um kynlíf og kynhneigð, þarf að vera markviss.   | Skólastjórnendur, kennrar og skólahjúkrunarfræðingur. | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| Að fræða nemendur um tungumál allra nemenda skólans   | Nemendur eru ekki nógum meðvitaðir um að sumir nemendur skólans eiga fleiri en eitt móðurmál.                                  | Við þurfum að gera tungumál nemenda af erlendum uppruna sýnilegri.   | Umsjónarkennrarar.                                    | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| <b>Lýðræði og mannréttindi</b><br>Að nýta nemendaráð betur sem rödd nemenda og útbúa starfslýsingu fyrir nemendaráð | Nemendaráð er einungis að starfa í tengslum við félagsmiðstöðina. Ekki er til starfslýsing fyrir nemendaráð.                   | Nýta mætti nemendaráð betur sem rödd nemenda. Útbúa þarf starfslýsingu fyrir þá nemendur sem eru í nemendaráði. Það kemur bæði til með að nýtast nemendumum sjálfum og starfsfólk skólans.             | Skólastjórnendur.                                     | Haust 2023          |                           |
| Að halda reglulega bekkjarfundir og vinna með Barnasáttmála Sameinuðuþjóðanna                                       | Hætt er við að bekkjarfundir sitji á hakanum ef mikið er að gera.  | Vinna þarf með bekkjafundarformið svo að það skili til lætluðum árangri. Fá fagaðila til vera með fræðslu. Vinna þarf með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og kynna nemendum bæði réttindi og skyldur. | Umsjónarkennrarar.                                    | Skólaárið 2023-2024 |                           |

| <b>Markmið</b>  | <b>Vandi</b>  | <b>Leiðir</b>   | <b>Umsjón</b>                                | <b>Tími/Staða</b>   | <b>Framkv./dagsetning</b> |
|---|---|---|--|---------------------|---------------------------|
| <b>Sköpun</b><br>Að nemendur noti ímyndunarafl í tengslum við hreyfingu, tjáningu og takt | Nemendur eru óöruggir fyrir framan hvern annan.                           | Mættum nota meira ímyndarafl í tengslum við hreyfingu, tjáningu og takt.  | Kennarar.                                    | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| <b>Frumleiki, gildi</b>   | Erfitt að fá nemendur til að fara út fyrir þægindarammann.                | Hvetja þarf nemendur áfram til þess að fara út fyrir þægindarammann í verkefnaskilum og fara óhefðbundnar leiðir.   | Kennarar.                                    | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| <b>Samhengi, þekking, leikni</b>  | Hætt er við því að leikir detti út eftir því sem nemendur eldast.         | Vantar að nota leik á öllum skólastigum. Mikilvægt er að sambætta enn frekar námsgreinar og leggja áherslu á gangrýna hugsun.   | Kennarar.                                    | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| <b>Heilbrigði og velferð Seigla - þrautseigja</b>   | Sumir nemendur eru ekki tilbúnir að leggja mikið á sig.                   | Of margir nemendur eru ekki tilbúnir að leggja mikið á sig til að ná markmiðum. Margir vilja fara auðveldu leiðina í gegnum námið og gera aðeins það sem er nóg. Strákar virðast hafa minni þrautseigju en stelpur þegar kemur að námi. | Umsjónarkennarar.                            | Skólaárið 2023-2024 |                           |
| <b>Samskipti</b>  | Samskipti eru stundum erfið á milli nemenda.                              | Þrátt fyrir að mikið sé unnið með samskipti virðist vera talsvert um samskiptaörðugleika í skólanum og reglulega koma upp vandamál varðandi samskipti.  |  |                     |                           |
| <b>Forvarnaráætlunar</b>  | Áætlun ekki til og mikilvægt að vinna hana sem fyrst.                     | Nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir þær forvarnir sem eru í skólanum og búa til forvarnaráætlun.   | Skólastjórnendur og skólahjúkrunarfræðingur. | Haust 2023          |                           |
| <b>Áföll</b>  | Til er áfallaáætlun við skólann og er hún aðgengileg á heimasiðu skólans. | Nauðsynlegt er að rifja upp áætlunina með starfsfólk.   | Skólastjórnendur.                            | Haust 2023          |                           |